

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akranesi.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi nr. 282/2004 skulu á árinu 2005 greiða fyrir það kr. 12.000 í bæjarsjóð. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Allur kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömunargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn	kr. 4.500
Í annað sinn	kr. 6.500
Í þriðja sinn	kr. 8.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness 9. mars 2004 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 282/2004 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi 1. janúar 2005.

Þannig samþykkt við síðari umræði í bæjarstjórn Akraness 9. mars 2004. Fyri umræða fór fram 24. febrúar 2004.

*Akanesi, 30. mars 2004.*

**Jón Pálmi Pálsson** bæjarritari.